

LÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR,
BRYNDÍS ZOËGA & LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR

SJÓRINN GEFUR OG SJÓRINN TEKUR

Verbúðalíf á Höfnum á Skaga

Inngangur

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á umhverfi okkar verða sífellt greinilegri. Fréttamiðlar sýna okkur myndir af afleiðingum úrhellisrigninga sem hafa fært heilu bæina í kaf og hvert hitametið á fætur öðru er slegið víða um heim. Hnattræn hlýnun veldur því að jöklar bráðna og ís á norður- og suðurpól er í sögulegu lágmarki. Ýktir veðuratburðir eru að verða „eðlilegir“ í okkar daglega amstri. Afleiðinga loftslagsbreytinga er ekki eingöngu að gæta í nútíðinni, þær hafa einnig áhrif á fortíðina. Víða um heim liggja fornleifar undir skemmdum eða eru að hverfa með öllu og menningarminjar á Íslandi eru ekki undantekning frá því. Við strandlengjuna er fjöldi minjastaða sem margir hverjir tengjast nýtingu sjávarauðlinda: lítil bæjarstæði, verbúðir og naust og svo mætti lengi telja. Hækkandi sjávarmál og aukin stormvirkni leiða til þess að þessir staðir eru víða horfnir eða við það að hverfa. Ómetanleg þekking á lífi forfedra okkar og -mæðra tapast þar með órannsökuð á haf út.

Á Íslandi hafa auðlindir úr sjó ávallt verið stór hluti af lífsviðurværi þjóðarinnar.¹ Þrátt fyrir það hefur lítil áhersla verið lögð á fornleifarannsóknir á nytjastöðum við sjávarsíðuna. Þær umfangsmestu eru uppgreftirnar á Gufuskálum (björgunarrannsókn),² í Sandvík (björgunarrannsókn),³ á Hvítsöndum (vísindarannsókn)⁴ og Strákatöngum (vísindarannsókn).⁵ Auk könnunarrannsókna í Hjálmarsvík (vísindarannsókn)⁶ og á Siglunesi

1 Ragnar Edvardsson 2010.


2 Lilja B. Pálsdóttir & Feely 2017.

3 Lísabet Guðmundsdóttir 2019, 2020, 2021.

4 Lísabet Guðmundsdóttir & Ramstad 2022.

5 Ragnar Edvardsson 2015.

6 Stefán Ólafsson o.fl. 2013.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið. Kort: Bryndís Zoëga.

(björgunarrannsókn).⁷ Á Höfnum á Skaga, Austur-Húnavatnssýslu, eru viðamiklar minjar sem tengjast sjósókn en ágangur sjávar hefur brotið töluvert af minjasvæðunum. Þó er óljóst hversu mikið hverfur í hafið að jafnaði. Árið 2008 fór fram fornleifaskráning á Höfnum þar sem allar minjar voru skráðar og sýnilegar minjar mældar upp.⁸ Árið 2021 fékk Minjastofnun Íslands ábendingu um að gripir væru að rofna úr sjávarbakkanum á litlu nesi við Rekavatnsós. Í framhaldi af því var gerður út leiðangur á vegum stofnunarinnar til að kanna þessar minjar.⁹ Snið voru hreinsuð, minjar mældar upp og hælum var komið fyrir til að hægt væri að fylgjast með rofi.

Mannvistarlög í sniðum voru bæði undir og yfir Heklugjósku frá 1104. Meðal þess sem fannst í sniðinu voru gripir unnir úr hvalbeini og öðrum dýrabeinum, mögulegt eldstæði og töluvert af koparþynnum og brenndum leir með kopar. Frumrannsókn var gerð á dýrabeinum en önnur úrvinnsla hefur ekki farið fram.¹⁰

Rannsókn hófst aftur á svæðinu árið 2022 og er hún samstarfsverkefni

7 Þór Hjaltalín & Sólborg Una Pálsdóttir 2012; Birna Lárusdóttir o.fl. 2013.

8 Guðmundur St. Sigurðarson o.fl. 2009.

9 Guðmundur St. Sigurðarson 2021, minnispunktar.

10 Albína Hulda Pálsdóttir 2021.

Fornleifastofnunar Íslands ses. og Byggðasafns Skagfirðinga og var verkefnið styrkt af fornminjasjóði.¹¹ Markmið rannsóknarinnar eru fjölþætt. Til að mynda að kanna hversu mikið hefur horfið af minjunum á síðastliðnum 14 árum og endurmæla strandlengjuna svo auðveldara sé fylgjast með hraða rofsins og meta ástand hennar. Að lokum voru mannvistarlög í rofi teiknuð og túlkuð á fjórum svæðum til að greina betur umfang, aldur og hlutverk minjanna.

Saga svæðisins

Á vestanverðum Skaga, norðarlega, eru jarðirnar Kaldrani og Hafnir. Þeirra er fyrst getið í reka- og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá 1285, þar sem segir af skiptum í hvalreka. Í sömu heimild er býlanna Hvalgarðs í landi Kaldrana og Rífs í landi Hafna getið.¹² Bænhús var í Höfnum lengi vel og er þess getið í heimildum frá 1363 til 1845.¹³ Hafnir og helmingur Kaldrana voru eign Þingeyrarklausturs og konungs eftir siðaskiptin en hinn helming jarðarinnar átti lögmaðurinn Lauritz Gottrup.¹⁴ Ríf var sjálfstætt býli að fornu og þar er bæjarhóll og fleiri fornar minjar í bland við verminjar. Óvíst er hvenær jörðin fór í eyði en hún varð þá hluti af Hafnalandi og eftir það var þar búseta með hléum.¹⁵ Óvíst er hvenær Hvalgarður fór í eyði en hann er talinn með eyðijörðum Þingeyrarklausturs árið 1525 og hefur að líkindum ekki byggst eftir það.¹⁶

Strandlínur Hafna og Kaldrana eru samanlagt rétt rúmlega 11 km að lengd, þær snúa mót norðaustri, norðri og norðvestri. Ströndin fyrir landi Kaldrana er að mestu klettótt en á Höfnum skiptast á há björg, klettar eða klappir með láglendi á milli. Á þessum láglendu svæðum leynast víða verbúðatóftir og aðrar minjar. Þarna er stutt á miðin og staðsetningin því kjörin fyrir ver. Kaldrani hefur þó síður hentað til útræðis vegna klettóttar strandlengju enda var landing þar sögð bæði brimsöm og stórgrýtt.¹⁷ Fáar minjar sem tengjast útræði eru í landi Kaldrana nema á Selvíkurtanga. Verstöðvar hafa hins vegar verið á Höfnum frá fornu fari. Verin voru þrjú og nefndust, talið frá vestri: Rífsbúðir (Rífsnes og Innri-Þrándarvík),

11 John Steinberg prófessor við UMASS Boston ásamt nemendum (Krista Richardson-Cline, Joseph Aramini, Mary Armstrong og Zachary Guttman) fóru fyrir borkjarnarannsókn.

12 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* [hér eftir D.I.] II 1893, bls. 249.

13 D.I. III bls. 184; Johnsen 1847, bls. 253.

14 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VIII 1926, bls. 477 og 479.

15 Magnús Björnsson 1950, bls. 67.

16 Páll Kolka 1950, bls. 19–20.

17 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VIII 1926, bls. 479.

Piltabúðir og Hafnabúðir (frá Kólkunesi að hólí við Rekavatnsós). Á þessum þremur stöðum eru umfangsmiklar minjar um útræði; fjöldi búðatóta, naust, fiskreitir, öskuhaugar og fleira. Þar eru einnig hefðbundnar landbúnaðarminjar, svo sem stekkir og beitarhús.

Í *Landnámabók* segir frá Þorbirni Kólku, sem nam Kólkumýrar og bjó þar meðan hann lifði.¹⁸ Þrátt fyrir stuttaralega úttekt á kappanum í *Landnámabók* lifa sögur af Þorbirni Kólku enn þann dag í dag og þar tengist hann Höfnum sterkum böndum. Sagan segir að hann hafi verið sjókappi mikill og á að hafa róið áttæringi einsamall lengra á haf út en nokkur hefur gert. Þorbjörn Kólka er sagður hafa stundað sjósókn vor og haust frá Hafnabúðum. Þegar hann varð gamall og ófær um að stunda sjóinn á hann að hafa hvolft skipi sínu úti fyrir Kólkunesi og vaðið til lands. Frá þeim degi heitir sker það Kólkusker.¹⁹ Önnur þjóðsaga um Kólkunes segir frá tröllkonu sem hét Kólka og bjó hún í helli suður undir Skjaldbreið. Hún fór til vers í Hafnabúðum á Skaga og bjargaði Hafnabónda frá ofsaveðri í einni ferð sinni með því að binda bát hans við steinnökkva sinn.²⁰ Hvort eitthvað sannleikskorn leynist í tilvist þeirra Þorbjarnar Kólku og Kólku tröllkonu og sjósókn þeirra frá Hafnabúðum er lítið hægt að segja til um. Þjóðsögurnar tvær gefa þó til kynna að frá fornu fari hafi munnmælasögur um sjósókn og verðbúðamenningu frá Hafnabúðum lifað góðu lífi sem gæti bent til þess að þaðan hafi útræði hafist snemma.

Þrátt fyrir að lítið sé vitað um sjósókn frá Höfnum um landnám og frá miðöldum gefa seinni tíma heimildir ágætis mynd af henni. Árið 1705 var róið frá bæði Hafnabúðum og Rífi. Hafnabóndi átti þá hálft skip á móti Þingeyrarklaustri en mátti hafa eins mörg skip og hann hafði ráð á. Þetta sama ár var eitt inntökuskip (aðkomuskip á vetrarvertíð) gert út frá Höfnum en þau höfðu áður verið allt að sex talsins. Hver skipshöfn átti búð útaf fyrir sig, byggða úr rekaviði sem menn öfluðu sjálfir. Hafnabóndi gerði ekki út frá Rífi en þaðan sigldu aðeins inntökuskip.²¹ Um 1800 voru 12–18 sjóbúðir í notkun á Skaga, flestar á Hafnabúðum. Allir sem gátu stundað sjósókn gerðu slíkt, bæði haust og vor.²² Um 1840 virðist vertíðin hafa dalað nokkuð: „Þegar Klemens [Jónsson] man fyrst eftir, eftir 1840, gengu aðeins 6–7 sexæringar frá Hafnabúðum; en löngu áður gengu þaðan fjöldamörg skip, frá Piltabúðum og Rífi minst 5, og svo mörg frá öðrum

18 *Landnámabók*, bls. 185.

19 *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, bls. 128–130.

20 *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, bls. 128–130.

21 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VIII 1926, bls. 477–478.

22 Björn Bjarnason 1941, bls. 26–27.

stöðum.²³ Með árunum spilltust lendingar á vestanverðum Skaga og einnig virðist fiskaflinn hafa þrotið nokkru fyrir aldamótin 1900, mögulega vegna ágangs erlendra fiskiskipa. Það gerði það að verkum að veiðistöðvarnar lögðust af og þrátt fyrir að fiskurinn hafi snúið aftur einhverjum árum seinna markaði það endalok verstöðvarinnar á Höfnum. Eftir að síðustu inntökuskipin sigldu frá Hafnabúðum í kringum árið 1880 færðist veiðin með öllu að Skagatrönd og Nesjum.²⁴

Fyrri rannsóknir

Sumarið 2008 skráðu starfsmenn fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga minjar á Höfnum og Kaldrana.²⁵ Skráningin var hluti af heildarskráningu Skagabyggðar sem fór fram á árunum 2008–2012. Hafnir voru höfuðból og mikil hlunnindajörð og var að fornu metin á 20 hundruð en Kaldrani, sem er næstum tvöfalt stærri að flatarmáli, var metin á 10 hundruð.²⁶ Alls voru skráðar 120 minjar í landi Hafna en 60 á Kaldrana. Meirihluti þeirra minja sem skráður var í landi Hafna er við ströndina og er stærsti hluti þeirra tengdur sjósókn en einnig eru minjar um landbúnað, svo sem stekkir og fjárhús. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjölda skráðra minja eftir svæðum auk grófrar aldursgreiningar sem byggir á þekktum gjóskulögum á svæðinu.²⁷ Eins og fyrr var getið fór fram rannsókn á vegum Minjastofnunar Íslands árið 2021, þar sem snið í ónefndan hól við ós Rekavatns var hreinsað og sigtað.²⁸

Rannsókn 2022

Rannsókn á Höfnum fór fram í ágúst 2022, Bryndís Zoëga hjá Byggðasafni Skagfirðinga sá um skráningu og skilgreiningu á rofasvæðum. Lísabet Guðmundsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands ses. teiknuðu og túlkuðu snið. Í heild voru átta svæði könnuð (sjá töflu 1) og opin rof voru teiknuð á þremur svæðum: Piltabúðum, Hólbúðarhóli og Hjallanesi. Borkjarnarannsókn fór fram á völdum svæðum og könnunarskurðir voru grafnir á Kólkunesi og í öskuhaug á Rífi. Önnur svæði voru endurmæld og ljósmynduð með flygildi. John Steinberg, ásamt nemendum í UMASS Boston, komu

23 Bjarni Sæmundsson 1900, bls. 112.

24 Bjarni Sæmundsson 1900, bls. 112–113.

25 Guðmundur St. Sigurðarson o.fl. 2009.

26 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VIII 1926, bls. 476–478.

27 Gjóskusýni voru tekin á vettvangi en ekki er búið að greina þau.

28 Guðmundur St. Sigurðarson 2021, minnispunktar.

Jörð	Verstöð	Svæði 2008 (rannsókuð 2022)	Fjöldi skráðra minja 2008 (skráð 2022)	Aldursgreining byggð á gjóskulögum
Hafnir	Hafnabúðir	Sandvík/Rekavatnsós (MÍ 2021)	7 (1)	Fyrir og eftir 1104
		Sunnan Sandvíkur/Rekavatnsóss	1	Ekki aldursgreint
		Sandvík	3	Ekki aldursgreint
		Hjallanes (tvö snið, hreinsuð og teiknuð)	21	Fyrir og eftir 1104
		Hólbúðarhóll (snið, hreinsað og teiknað)	2	Fyrir og eftir 1104
		Sunnan Hólbúðarhóls og Hjallaness	8	
	Piltabúðir	Kólkunes (þrír könnunarskurðir, snið teiknuð)	15 (2)	Fyrir og eftir 1104
		Piltabúðir	8 (3)	Eftir 1104
		Innri-Þrándarvík	5	Ekki aldursgreint
		Rífsbjarg	1 (11)	Ekki aldursgreint
Kaldrani	Rífsbúðir og býlið Ríf	Ríf, Rífsbúðir (tveir könnunarskurðir í öskuhaug)	26 (11)	Fyrir og eftir 1104
		Samtals	97 (28)	
		Heima við bæ	2	Ekki aldursgreint
		Selvíkurtangi	7	Fyrir og eftir 1104
		Samtals	9	

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda skráðra minja eftir svæðum og gróf aldursgreining þeirra.



Mynd 2. Jarðvegstorfur sem hafa kastast upp á bakkann í brimi. Ljósmynd Bryndís Zoëga.

dagpart að Höfnum og tóku sýni með kjarnaborum. Alls voru teknir 57 kjarnar á tveimur svæðum á Kólkunesi og á Hólbúðarhóli. Af 57 kjörnum voru mannvistarlög í 35 kjörnum en engin ummerki um mannvist í 22 kjörnum.

Endurskráning og skilgreining rofasvæða - Landbrot og hættumat

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að kortleggja strandlínu jarðanna með tilliti til hættu af völdum landbrots. Mat á hættu af völdum landbrots fór þannig fram að strandlínan var gengin og ástand hennar skráð og flokkað í fjóra flokka; *rof*, *lítið rof*, *ekkert rof* og *malir* eða *malarkambar*. Í flokkinn *rof* féll landbrot í nokkrum mismunandi birtingarmyndum og má m.a. nefna undangröft jarðvegs á sjávarbakka; brotnar minjar, jarðvegstorfur úr sjávarkambinum; og jarðefni, sem sagt grjót eða möl sem berast inn á land. Á Höfnum er mikið um að jarðvegstorfur úr bökkum hafi kastast upp á land. Þær eru í vissum tilfellum mjög stórar (mynd 2).


Lítið rof var skráð þar sem minni ummerki sáust en þó ljóst að einhvers rofs gætir. *Ekkert rof* var skráð þar sem engin ummerki voru um rof og er þetta einkum þar sem eru há björg, klappir eða svæði sem eru í skjóli. Það ber að hafa í huga að rof á klettum og björgum eru oft umfangsmiklir



Mynd 3. Möl sem kastast hefur yfir minjasvæðið á Hjallanesi. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.

atburðir, þar sem stórar fyllur brotna í sjó og getur þá mikið efni farið í einu vetfangi. En lítið bar á undangreftri á klettum/björgum þar sem í þá sást. *Malir eða malarkambar* voru svo skráð sérstaklega þar sem þau hegða sér öðruvísi en strandlínan almennt þar sem þau eru í eðli sínu hreyfanleg. Þannig geta minjar grafið tímabundið undir möl en komið í ljós síðar ef mölin hopar (mynd 3). Niðurstöður þessarar skráningar má sjá á mynd 4.

Að auki voru minjar sem eru í mikilli hættu af völdum landbrots mældar upp á nýtt til samanburðar við mælingar frá 2008. Nokkuð af minjum bættist við skráninguna frá 2008 og má þar meðal annars nefna fjölda þurrgarða sem eru á milli Rífs/Rífsbúða og Innri-Þrándarvíkur. Við úrvinnslu á uppmælingargögnum kom í ljós að skekkja á milli mælinganna 2008 og 2022 var meiri en vonast hafði verið til. Samt sem áður var hægt að sjá á mælingunum að brotið hefur af minjum syðst og vestast á Hjallanesi og einnig hefur brotið af vestari hólnum á Piltabúðum og líklega á þeim austari. Á þeim svæðum þar sem minjar eru var strandlínan mæld eins nákvæmlega og unnt var og geta þau gögn nýst við mat á rofi í framtíðinni. Hér ber að geta þess að ekki reyndist unnt í öllum tilvikum að fara fram á sjávarbrún, til dæmis þar sem mikill undangröftur er. Þegar línan er sett yfir loftmynd sem tekin var 2008 sjást breytingar á gróðurlínunni í Sandvík sem bendir til þess að þar sé sjórinn að brjóta af bakkanum. Eins



Mynd 4. Niðurstöður skráningar á rofasvæðum. Kort Bryndís Zoëga.


sést að mölin austan við Hólbúðarhól hefur gengið lengra inn á land og virðist það einnig vera raunin á strandlínunni vestan Grútarvíkur, þar sem Piltabúðir eru staðsettar. Breytingar sjást einnig á gróðurþekju norðan við verbúðirnar í Innri-Þrándarvík á svokölluðu Flóanefi og eins norðan við nyrstu minjar á Rífsbúðum. Annars virðist landbrot almennt vera minna á Rífsbúðum og í Innri-Þrándarvík en við hinar verstöðvarnar. Landbrot er ekki alltaf auðgreinanlegt á loftmynd, til dæmis þar sem hefur grafið undan sjávarbakka en gróðurþekjan er enn til staðar og því er nauðsynlegt að skrá og mæla rof einnig á vettvangi.

Hjallanes


Á vestanverðu Hjallanesi má sjá tvær birtingarmyndir rofs. Fremst á nesinu eru stór rofabörð þar sem minjar eru að brotna niður vegna undangraftar jarðvegs en innar og nær Hólbúðarhól er stór hluti strandlengjunnar undir malarkambi. Tvö svæði með verbúðaminjum voru til athugunar á Hjallanesi, annars vegar svæði A og hins vegar svæði B (mynd 6).

Svæði A er syðst á vestanverðu nesinu. Á yfirborði sjást tvær búðir og eru báðar rofnar vegna ágangs sjávar. Um 20 m langt snið var teiknað á svæðinu og þar sáust ummerki um sex búðir, lítinn ruslahaug og gryfju fulla af móösku og húsdýrabeinum. Búðirnar eru flestar torfhlaðnar en þó er ein þeirra byggð bæði úr torfi og grjóti. Þær eru allar frá því eftir 1104 og í torfi eldri búðanna má sjá Heklugjósku frá 1104 (myndir 5, 7 og 8).

Á svæði B sjást þrjár til fjórar óljósar búðir á yfirborði sem allar eru




Mynd 5. Sniðteikning af svæði A. Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir & Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 6. Yfirlitsmynd og uppmælingar minja á Hjallanesi og Hólbúðahól. Kort Bryndís Zoëga.

farnar að hrynja niður úr sjávarbakkanum. Um 18 m langt snið var teiknað og þar sást ummerki um allavega þrjú mismunandi tímabil og átta búðir. Yngstu búðirnar virðast vera mjög illa farnar og hefur sjórinn bæði brotið af þeim og rofið yngstu jarðlögin af yfirborði. Stór hluti búðanna virðist




Mynd 5. Sniðteikning af svæði A. Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir & Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 7. Búð í sniði A, hér má sjá hellulagt gólf og grjóthlaðna vegg. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.

vera frá því eftir 1104 en elstu búðirnar eru frá því fyrir þann tíma (myndir 8–10). Mikið magn beina úr sjávarspendýrum og hvalbeinsgripa fundust á svæði B en auk þess fannst nokkuð magn hvalbeinsspænis sem bendir til að gripir hafi verið framleiddir á staðnum. Ef það reynist rétt eru það mjög




Mynd 8. Sniðteikning af svæði B. Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir & Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 9. Lilja Laufey teiknar snið. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.

ingarfasar



Mynd 8. Sníðteikning af svæði B. Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir & Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 10. Lilja Laufey, Vignir, ábúandi á Höfnum, og Bryndís við niðurgrafna búð. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.



Myndir 11 a, b og c.
Hvalbein sem standa
út úr sniðinu á svæði
B. Ljósmynd Lísabet
Guðmundsdóttir.

áhugaverðar niðurstöður en slíkur framleiðslustaður hefur ekki fundist annars staðar á Íslandi né á Norður-Atlantshafssvæðinu.²⁹

Frekari rannsóknir á efniviðnum munu fara fram árið 2023 þar sem lögð verður áhersla á kollagen- og DNA greiningar á hvalbeinunum, auk fornDNA greininga á jarðvegi. Í kjölfar þeirra greininga ætti að vera hægt að svara ýmsum spurningum er varða tegundadreifingu hvalanna, aldur framleiðslunnar og eðli vinnslunnar á svæðinu (mynd 11). Leitast verður við að svara fleiri spurningum sem vaknað hafa við rannsóknina, eins og hvort hvalveiðar hafi verið stundaðar frá Höfnum eða hvort eingöngu sé um hvalreka að ræða. Einnig væri áhugavert að komast að því hversu stórt hlutverk framleiðsla á hvalbeinsgripum lék á svæðinu. Var hún aðallega höfð í hjáverkum á milli róðra eða eru vísbendingar um sérhæfða vinnslu?

Hólbúðarhóll

Hólbúðarhóll er upp af Skipavík (Kólkuvík), mitt á milli Hjallaness og Kólkuness. Talsvert hefur brotið af norðurhlið hólins en þó ekki eins mikið og á öðrum svæðum sem tilheyra Hafnabúðum. Efst á hólnum er tví- eða þrískipt búð, Hólbúð, ásamt tveimur grjóthleðslum, líklega leifum hjalls sem þar hefur staðið. Aðrar mínjar sjást ekki á yfirborði hólins en undir sverði er krökkt af minjum og voru þær kannaðar með borkjarnarannsókn. Alls voru 23 kjarnar teknir á hólnum og var mannvist í 13 þeirra. Í þessum 13 kjörnum fundust meðal annars ummerki um öskulög og torf. Einnig voru teknir tveir kjarnar sunnan við Hólbúðarhól, í og við tóft sem þar er, og fannst þar torf í kjarna (mynd 12).

Stórt rofabarð er í norðanverðum Hólbúðarhól og þar sést greinilegur öskuhaugur þar sem ábúendur Hólbúðar hafa kastað rusli í aldanna rás. Í öskuhaugnum eru tvö umfangsmikil ruslalög sem samanstanda að mestu af fiskbeinum, auk annarra smærri ruslalaga (mynd 13). Í sniðinu sjást að minnsta kosti tvær torf- og grjóthlaðnar búðir með H-1104 gjóskunni í torfinu og hugsanlega tvær aðrar sem annað hvort eru verr farnar eða mögulega bara rétt byrjaðar að rofna. Engin góflög eru greinanleg í tengslum við þessar búðir. Hugsanlega er ástæðan sú að Hólbúðarhóll er enn að mestu órofinn og því aðeins rétt byrjað að brjóta af þeim búðum sem þar eru.

²⁹ Vicki Szabo 2022, munnleg heimild.



Mynd 12. Bryndís virðir fyrir sér sniðið á Hólbúðahól. Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir.



Mynd 13. Nærmynd af fiskbeinalögum í öskuhaug. Ljósmynd Bryndís Zoëga.

Kólkunes

Kólkunes er um 200 m norðvestan við Hjallanes og er Hólbúðarhóll á milli nesjanna tveggja. Kólkunes er, eins og áður hefur verið greint frá, kennt við landnámsmanninn Þorbjörn Kólku. Samkvæmt þjóðsögum um Þorbjörn var búð hans kölluð Kólka eða Kólkubúð og það örnefni færðist seinna yfir á húsmannsbýli á nesinu.³⁰ Mikið sést af minjum á yfirborði á Kólkunesi en til að átta sig betur á umfangi minja undir sverði var gerð borkjarnarannsókn (mynd 14). Á norðanverðu nesinu voru teknir 17 kjarnar og fundust mannvistarleifar í sex þeirra, bæði torf og gólfög. Á suðaustanverðu Kólkunesi voru teknir 15 kjarnar og fundust óljós ummerki um mannvist í sjö kjörnum, þar á meðal torf, öskulag og hugsanleg gólfög. Tveir könnunarskurðir voru grafnir í mannvirki sem komu í ljós við borkjarnarannsóknina. Fyrri skurðurinn var grafinn í tóft norðarlega á nesinu en sá seinni í tóft austan við unga (19.–20. aldar) beitarhúsatóft. Markmið könnunarskurðanna var að afla upplýsinga um hlutverk og aldur mannvirkjanna en niðurstöður þeirra greininga eru skammt á veg komnar. Ljóst er að umfangsmiklar minjar eru undir sverði sem ekki sjást á yfirborði og áhugavert væri að gera frekari borkjarnarannsóknir á svæðinu til að kanna nánar umfang minja á nesinu.

Piltabúðir


Piltabúðir eru um 300 m sunnan við Kólkunes og þar sjást greinileg ummerki um útræði fyrri tíma sem sjórinn er byrjaður að grafa undan. Úti á hafi vestan við tóftasvæðið eru þrjár klettaborgir sem heita, talið frá vestri: Bóndi, Miðlungur og Hamborg, en sú síðastnefnda er beint framan við Piltabúðir (mynd 15). Piltabúðir koma nokkuð oft fyrir í heimildum og í einni þeirra segir frá því að þangað „völdust jafnan vöskustu menn og klæddu sig aldrei skinnklæðum, og kölluðu það lítilmennsku að „skriða undir sauðar nárum“.³¹ Þessir mannkostir voru öfundsverðir og segir í sögunni að illindi hafi verið milli Pilta og Rífsbúðarmanna vegna þessa. Í einu öfundarkastinu söguðu Rífsbúðarmenn í sundur árar Piltanna undir skautunum en negldu svo skautana aftur yfir. „Daginn eftir réru Piltar og gerði stinnings kalda um daginn og óveður af landi. Komu þeir að um kvöldið og spurðist ekki til þeirra framar.“³²

Tveir verbúðahólar eru á svæðinu og hefur mikið brotnað af þeim


30 Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri II, bls. 128.

31 Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri II, bls. 131.

32 Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri II, bls. 131.



Mynd 14. Yfirlitsmynd og uppmælingar minja á Kólkunesi. Kort Bryndís Zoëga.




Mynd 15. Yfirlitsmynd og uppmælingar minja á Piltabúðum. Kort Bryndís Zoëga

báðum, en auk þeirra eru yngri minjar á milli hólanna sem ekki eru í bráðri hættu enn sem komið er. Vestari hóllinn er um 40 m á lengd og um 9 m á breidd. Út frá þeim ummerkjum sem sjást í fjörunni má gera ráð fyrir að allt að 13 m séu þegar horfnir í hafið (mynd 15). Í sniðinu var hægt að greina allt að átta mannvirki, byggingar sem voru byggðar hver ofan í aðra. Flestar eru grjót- og torfhlaðnar en byggingarefni virðist hafa verið endurnýtt því víða sjást gólflög og eldstæði en engin ummerki um vegg (mynd 16). Yngstu byggingarnar eru að mestu horfnar en ofarlega í sniðinu sjást þó gólflög sem vitna til um þær. Aldur rústahólsins er óþekktur en hann er yngri en gjóskulagið sem féll árið 1104 og er sú gjóska víða í torfi og torfhruni (mynd 17). Hins vegar fundust hvorki leirker né glerbrot á svæðinu sem bendir til þess að minjarnar séu frá tímabilinu á milli 1104 til ca. 1600.³³ Því ber þó að taka með fyrirvara þar til betri aldursgreining fæst.

33 Amundsen o.fl. 2005, bls. 130.


Piltabúðir



Mynd 16. Sníðteikning af Piltabúðum. Teikning Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 17. Töft sem hefur snarast í sniði Piltabúða. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 16. Sniðteikning af Piltabúðum. Teikning Lísabet Guðmundsdóttir.



Mynd 18. Grjót sem hefur borist yfir verbúðahólinn. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.

Um 170 m austan við fyrrnefndan verbúðahól er annar hól. Núverandi stærð hans er 22 m á lengd og 10 m á breidd. Sjórinn hefur brotið af hólnum og virðast um 7 m vera horfnir. Snið var ekki teiknað þar sem mikið af grjóti hefur kastast yfir hólinn og fyrir framan sniðið og ekki reyndist tími til að fjarlægja það að þessu sinni (mynd 18).

Rif og Rífsbúðir



Mynd 19. Yfirlitsmynd og uppmæling minja á Rífi. Kort Bryndís Zoëga.

Ríf er fornt bæjarstæði tæpa 2 km vestan við Hjallanes og Kólkunes. Þar var verstöð lengi vel sem stóðst vel samanburð við Hafnabúðir.³⁴ Flestar verbúðatóftirnar á Rífi eru líklegast frá 19. öld. Minjunum á Rífi stafar ekki eins mikil hætta af sjávarágangi eins og Píltá- og Hafnabúðum en þó eru þar rofabörð, bæði í sjávarbakkanum en einnig í öskuhaug bæjarins sem stafar töluverð hætta af vindrofi og ágangi búfjár (mynd 19). Tveir könnunarskurðir voru grafnir í öskuhauginn og þá kom í ljós að bæjarstæðið er gamalt, rétt eins og heimildir gefa til kynna. Þar var að finna ruslalög bæði undir og yfir gjóskulaginu sem féll árið 1104. Mikið af vel varðveittum beinum fannst í öskuhaugnum. Fiskbein virtust algengust en einnig virðast vera bein úr sel, hval og sauðfé, en beinin bíða frekari greiningar. Einnig fannst vandaður gripur úr hvalbeini.

Ónefndur hóll við Rekavatnsós

Ónefndur hóll er á milli Sandvíkur og Rekavatnsóss, á hólnum sjást sjö tóftir á yfirborði og er ein þeirra í töluverðri hættu vegna landbrots. Mikið landbrot hefur þegar átt sér stað og er sú hlið hólins sem snýr mót hafi rofin. Starfsmenn Minjastofnunar Íslands stóðu fyrir rannsókn á hólnum milli Sandvíkur og Rekavatnsóss árið 2021, eftir ábendingu um að gripir og bein væru farin að sjást í rofi í sjávarbakkanum. Guðmundur St. Sigurðarson, Sigurður Bergsteinsson og Björgvin M. Zoëga skráðu sniðið og sigtuðu hluta af jarðveginum sem fallið hafði úr því (mynd 20). Hægt var að greina gjóskulagið frá 1104 í sniðinu og var meirihluti minjanna undir því. Engin mannvirki sáust í sniðinu en þar eru umfangsmikil ruslalög sem samanstanda af móöskublönduðum lögum og beinalögum.³⁵

Töluvert af dýrabeinum kom í ljós og hefur Albína Hulda Pálsdóttir dýrabeinafornleifafræðingur gert frumgreiningu á þeim. Er aðallega um að ræða fiskbein og hvalbein.³⁶ Árið 2022 voru sniðin skoðuð en ekki þótti ástæða til að teikna þau á nýjan leik. Hins vegar var auðséð að töluvert hefur grafið undan bökunum síðan Minjastofnun Íslands var þar á ferð árið 2021. Meðal þess sem fannst í sniðinu var fjöldi koparþynna, en slíkir gripir fundust ekki á hinum svæðunum.³⁷ Það gæti bent til ákveðinnar sérhæfingar og að mögulega hafi verið þarna stunduð málmsmíði af einhverju tagi. Rétt eins og með önnur svæði á Höfnum þá þarf að rannsaka það

34 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VIII 1926, bls. 478.

35 Minjastofnun Íslands 2021.

36 Albína Hulda Pálsdóttir 2021, bls. 4.

37 Guðmundur St. Sigurðarson, munnleg heimild.



Mynd 20. Yfirlitsmynd og uppmælingar minja við Rekavatsós. Kort Bryndís Zoëga.

frekar til að staðfesta hvort svo hafi verið. Ef það reynist vera rétt þá er það ný vídd sem ekki hefur verið rannsökuð áður í tengslum við árstíðabundna búsetu.

Umræður

Minjar við sjávarsíðuna eiga undir högg að sækja þar sem landbrot við strendur Íslands er sívaxandi vandamál. Ef ekkert verður að gert hverfa þessir minjastaðir í hafið og þar með þekking á lífi forfedra okkar og -mæðra sem lifðu á og höfðu atvinnu af sjósókn og afleiddum störfum. Árið 2021 kom langþráð viðbótarfjármögnun í fornminjasjóð sem var eyrnamerkt minjastöðum í hættu vegna náttúruvár. Þrátt fyrir að fornleifafræðingar sem starfa við sjávarsíðuna sjái hversu mikil áhrif veður og vindar hafa á minjarnar þá vantar gögn sem sýna hversu mikið hverfur frá ári til árs. Fram til þessa hafa kerfisbundnar uppmælingar ekki farið fram á minjastöðum við sjávarsíðuna. Hægt er að nota eldri skráningar á minjastöðum, þar sem þær liggja fyrir, til að meta rof en við slíkan samanburð ber að hafa í huga að fyrir nokkrum árum voru GPS mælingar ekki eins nákvæmar og þær eru í dag og því er óvíst hversu gagnlegar þær eru til samanburðar. Hafnir á Skaga voru upphaflega skráðar árið 2008 af Byggyðasafni Skagfirðinga með nákvæmnustu tækjum þess tíma og því hægt að kanna umfang landbrots út frá þeim gögnum. Við vettvangskonun 2022 kom fjöldi minja og



Mynd 21. Lilja hreinsar snið í lögðinni sem fór yfir landið. Höfundar sáu með eigin augum hleðslugrjót falla úr sniðum. Ljósmynd Lísabet Guðmundsdóttir.

umfang landbrots verulega á óvart svo þyrmdi yfir höfunda. Á Höfnum eru samanlagt nokkur hundruð metrar af rofi og þar sjást mannvistarlög frá botni upp undir grasrót. Búsetutímabil á svæðinu virðist vera frá því fyrir 1104 og fram á 19. öld, en þó eru yngri minjarnar lengra inn til lands og ekki í eins bráðri hættu. Tugir verðbúða sjást í sniðunum, hver byggð ofan í aðra, og ljóst er að það sem sést á yfirborði er einungis brotabrot af því sem leynist undir sverði (mynd 21).

Hægt var að greina ýmiss konar húsategundir á Höfnum; sumar búðanna voru niðurgrafnar með hellulögðum gólfum og torfveggjum á meðan aðrar voru grjóthlaðnar að mestu með timburgólfum og timburgrind svo dæmi séu tekin. Húsakostur hefur því verið mjög fjölbreyttur og er hér kjörið tækifæri til að rannsaka byggingarþróun verbúða mögulega frá landnámi og fram á 18. til 19. öld.

Þótt svæðið sé berskjaldað fyrir opnu hafi er varðveisla lífræns efniviðar góð, en slíkt er ekki algengt hér á landi (myndir 22a og b). Dýrabein eru afar vel varðveitt³⁸ en sömuleiðis timbur. Á Höfnum er bæði efniviður til

38 Albína Hulda Pálsdóttir 2021, bls. 2.



Mynd 22 a, b og c. Dæmi um gripi sem stóðu út úr sniðinu draglóð, bátasaumur og festing. Ljósmyndir Lísabet Guðmundsdóttir.

að rannsaka mataræði búðamanna og -kvenna í gegnum tíð og tíma sem og þróun fiskveiða, sérstaklega á umbreytingatímabilinu þegar stórfelldur skreiðarútlutningur hófst í kringum 1200.³⁹

Samanburður Hafna við þær verbúðir sem rannsakaðar hafa verið á Ströndum frá 10. öld er áhugaverður. Á bæjarstæðum Bæjar og Bjarnarness á Ströndum eru minni verstöðvar, hvor með þremur verbúðum. Notkun þeirra leggst af tiltölulega snemma, líklegast um 1100–1200, en það gæti tengst samþjöppun í eignarhaldi á sjávarauðlindunum.⁴⁰ Á Höfnum dafnar verðbúðamenningin hins vegar sem aldrei fyrr og á miðöldum hefur að öllum líkindum verið blómlegt líf við sjávarsíðuna. Þar hefur komið saman fjöldi fólks til tímabundinnar búsetu, sem telja hefur mátt í tugum eða hundruðum. Vel má ímynda sér að á Höfnum hafi verið vísir að árstíðabundnu þorpi, þar sem jafnvel hefur verið einhver sérhæfing á milli staða.

Niðurstöður

Rannsókn sumarsins 2022 var umfangsmikil og fjöldi svæða kannaður, þar á meðal smábýlið Rif, Piltabúðir, Kólkunes, Hjallanes og ónefndur hóll milli Sandvíkur og Rekavatnsóss. Upphaflega var svæðið skráð árið 2008 og þá voru allar minjar mældar upp. Hluti minjanna var mældur aftur 2022 og kortlagning rofasvæða sýndi fram á að mikill hluti minjanna er staðsettur á svæðum þar sem landbrot á sér stað. Þá ber að hafa í huga að einstakur veðuratburður eða stormur getur haft veruleg áhrif á hversu hratt brotnar af minjunum.

Ljóst er að minjasvæðið á Höfnum er einstakt á Norður-Atlantshafs-svæðinu, en auk útræðis eru ýmsar vísbendingar um að þar hafi verið unnið með hvalbein og jafnvel málma og að einhver sérhæfing hafi verið á mismunandi svæðum. Verbúðir hafa verið á Höfnum allt frá 11. öld og jafnvel lengur ef tekið er mið af því minni sem fylgir þjóðsögum um staðinn. Ljóst er að gríðarlegur fjöldi fólks hefur haft þar tímabundna búsetu á þeim tíma sem þaðan var stunduð sjósókn. Ýmsum spurningum er enn ósvarað um líf verbúðamanna og -kvenna á Höfnum og því þarf að hafa hraðar hendur ef takast á að bjarga þeim upplýsingum sem enn er að finna undir sverði áður en þær hverfa á haf út.

39 Amundsen ofl. 2005, bls. 134

40 Lísabet Guðmundsdóttir 2020, 2022.

Heimildir

- Albína Hulda Pálsdóttir. 2021. *Dýrabein frá Höfnum á Skaga: Frumgreining*. 2021–1. Íslenskar fornleifarannsóknir, Reykjavík.
- Amundsen, C., S. Perdikaris, T.H. McGovern, Y. Krivogorskaya, M. Brown, K. Smiarowski, S. Storm, S. Modugno, M. Frik & M. Koczela. 2005. „Fishing Booths and Fishing Strategies in Medieval Iceland: an Archaeofauna from the of Akurvík, North-West Iceland”. *Environmental Archaeology*, 10 (2), bls. 127–142.
- Birna Lárusdóttir, Howell M. Roberts, Sigríður Þorgeirsdóttir, Ramona Harrison & Magnús Á. Sigurgeirsson. 2013. *Síglunes. Archaeological investigations in 2011*. FS480-11121. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Bjarni Sæmundsson. 1901. „Fiskirannsóknir 1900. Skýrsla til landshöfðingja“. *Andvari. Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags* 27(1), bls. 53–135.
- Björn Bjarnason. 1841. *Brandsstaðanáll. Húnavatnsspíng I*. Sögufélagið Húnavetningur og Húnavetningafélagið í Reykjavík, Reykjavík.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* II. 1893. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* III. 1896. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Guðmundur St. Sigurðarson. 2021. *Hafnir á Skaga, stutt samantekt. Minnispunktar Minjarvarðar Norðurlands vestra*. Minjastofnun Íslands, Reykjavík.
- Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga. 2009. *Fornleifa-skráning Skagabyggðar. Tjörn, Hafnir og Kaldrani*. 2009/90. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkrókur.
- Íslendingabók. Landnámabók. 1968. Íslensk fornrit I. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. *Safnað hefir Jón Árnason* II. bindi. 1862. J.C. Hinrichs, Leipzig.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1926. Húnavatnssýsla. 8. bindi. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Ísland: með brauðalýsingum, fólkestölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. [án útgefanda], Kaupmannahöfn.
- Lilja B. Pálsdóttir & Frank F. Feeley. 2017. „Gufuskálar: a medieval commercial fishing station in Western Iceland.“ *Public Archaeology and Climate Change*. Ritstj. T. Dawson, C. Nimura, E. López-Romero, M. Daire. Oxbow books, bls. 100–106.

- Lísabet Guðmundsdóttir & Morten Ramstad. 2022. *Landnám og auðlindanýting á Selströnd á Ströndum. Könnunarrannsókn á Hvítsöndum*. FS867-21461. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2019. *Landnámsbýli í Sandvík? Frumrannsókn á minjum sem eru í mikilli hættu vegna ágangs sjávar í Sandvík, í landi Bæjar í Kaldraneshreppi á Ströndum*. FS744-18351. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2020. *Fornleifarannsókn á Bjarnarnesi, Kaldraneshreppi á Ströndum*. FS780-19301. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2021. *Landnámsminjar í Sandvík. Björgunarrannsókn*. FS826-20081. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2022. *Landnámsminjar í Sandvík. Björgunarrannsókn. Framvinduskýrsla*. FS869-20082. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.
- Magnús Björnsson. 1950. „Hreggviður skáld á Kaldrana“. *Svipir og sagnir 2. Hlynir og hreggviðir*. Sögufélag Húnavetninga, bls. 58-86.
- Minjastofnun Íslands. 2021, 14. júlí. *Verminjar í hættu – Hafnir á Skaga*. <https://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/frettir/verminjar-i-haettu-hafnir-a-skaga>
- Páll V. Kolka. 1950. *Föðurtún*. Páll V. Kolka, Reykjavík.
- Ragnar Edvardsson, 2015. „The Strákatangi Whaling Project in Strandasýsla: An Archaeological Site in the Westfjords”. Ritsstj. V. G. Miglio, X. Irujo. *Basque Whaling in Iceland in the XVII Century. Legal Organization, Cultural Exchange and Conflicts of the Basque Fisheries in the North Atlantic*. University of Santa Barbara, Santa Barbara, bls. 319-344.
- Stefán Ólafsson, Céline Dupont-Hébert, Guðrún Alda Gísladóttir, Uggi Ævarsson & James Woollett. 2013. *Áfangaskýrsla um rannsóknir 2012 í Svalbarðshreppi: Hjálmarvík og Sjóhúsavík / Interim Report of the 2021 fieldwork programme in Svalbarðshreppur: Hjálmarvík and Sjóhúsavík*. FS513-08281. Fornleifastofnun Íslands ses./ Centre d'études nordiques/Universitté Laval, Reykjavík.
- Þór Hjaltalín & Sólborg Una Pálsdóttir. 2012. *Fornleifar við Siglunes, úttekt*. 2012:1. Fornleifavernd Ríkisins.

Summary

The sea gives and the sea takes. Life in the fishing stations at Hafnir, Skagi. Climate change and its effects are increasingly becoming a problem in the North Atlantic. Not only does it affect our daily life, but it also affects our knowledge of the past. Marine resources have always played an integral part in Icelandic society, however, coastal sites such as fishing stations are underrepresented in archaeological research. Due to coastal erosion, many such sites are now partly or completely eroded. Even though we notice changes in the landscape there is a lack of measurable data that demonstrates how fast these sites are disappearing. Hafnir, in Skagi, NW Iceland is one such site. It was a large fishing station, which was in use in from the 11th century, and most likely earlier, and until the 19th century. The site was initially surveyed in 2008. In 2022 we got funding from the Icelandic Archaeological Fund (Fornminjasjóður Íslands) to survey the extent of the erosion, which had taken place in the intervening 14 years, and to register the type of erosion, record and interpro.fll exposed profiles. In total c. 80 m of exposed profiles were recorded. In the majority of these was evidence of seasonal booths and associated middens. We estimate that in the most exposed areas there are remains which date to the 11th –16th century. We noticed that since the initial survey in 2008 severe erosion had taken place, although it varied greatly between places. Furthermore, the research revealed that in specific places a certain level of specialisation had taken place, such as the production of whale bone artefacts.